Starfsáætlun 2022

Verkefni stjórnar

Í samþykktum SSNV kemur fram að stjórn hafi yfirumsjón með rekstri, sé málsvari samtakanna ásamt framkvæmdastjóra milli ársþinga og engu meiriháttar máli megi ráða til lykta án atbeina hennar.
Stjórn fundar að jafnaði einu sinni í mánuði. Formaður og framkvæmdastjóri undirbúa fundi.
Framkvæmdastjóri sendir fundargögn til stjórnar og varastjórnar, kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnum landshlutans auk stjórnenda sveitarfélaga. Fundargerðir eru sendar til allra framangreindra, annarra landshlutasamtaka og alþingismanna kjördæmisins.

Skipan stjórnar

Stjórn var skipuð á sameinuðu árs- og haustþingi í október 2020. Ný stjórn verður kjörin á aukaársþingi eigi síðar en 15. júlí 2022.
Stjórn skipa:
Ingibjörg Huld Þórðardóttir, formaður, Sveitarfélaginu Skagafirði.
Halldór Gunnar Ólafsson, varaformaður, Sveitarfélaginu Skagaströnd.
Anna Margret Sigurðardóttir, Blönduósbæ.
Álfhildur Leifsdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði.
Þorleifur Karl Eggertsson, Húnaþingi vestra.

Ársskýrsla - ársreikningur - endurskoðun

Vinna við ársskýrslu 2021 hefst í janúar 2022 og lýkur eigi síðar en 10. mars 2022.
Vinna við gerð ársreiknings 2021 hefst í janúar 2022 og á endurskoðaður ársreikningur 2021 að liggja fyrir eigi síðar en 1. mars 2022.

Þing SSNV

- Ársþing verður haldið **1.-2. apríl 2022** í Skagafirði. Vakin er athygli á að nú er endurvakin sú hefð að ársþing standi yfir í 2 daga. Verður þingið 30 ára afmælisþing SSNV en samtökin voru stofnuð árið 1992.

- Haustþing verður haldið föstudaginn **21. október 2022** í Skagafirði.

- Fari svo að ekki verði hægt að halda þing á ofangreindum dagsetningum í staðfundi vegna samkomutakmarkana verða þau haldin í fjarfundi.

Mynd á forsíðu
Borgarvirki. Markaðsstofa Norðurlands.

Stjórn SSNV 2020-2022
Aftari röð: Halldór Gunnar, Álfhildur og Þorleifur Karl.
Fremri röð: Ingibjörg Huld og Anna Margret.

Fundir með þátttöku SSNV

Sameiginlegir fundir landshlutasamtaka

- Vorfundur, daginn fyrir landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Sumarfundur landshlutasamtakanna, tveggja daga fundur í júní.
- Haustfundur, í tengslum við fjármálaráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Formaður og framkvæmdastjóri sitja ofangreinda fundi.

Sameiginlegir fundir atvinnuþróunarfélaga

- Vorfundur er haldinn af Byggðastofnun í tengslum við ársfund Byggðastofnunar.
- Haustfundur er haldinn til skiptis á atvinnuþróunarsvæðum. Árið 2022 verður fundurinn haldinn á Reykjanesi.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdastjóri og starfsmenn atvinnuþróunar mæti eins og við verður komið á ofangreinda fundi.

Aðrir fundir

Gert ráð fyrir að formaður og/eða framkvæmdastjóri mæti á eftirtalda fundi:

- Ársfundur Byggðastofnunar.
- Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Fjármálaráðstefna sveitarfélaga.
- Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Aðrir viðburðir

Frá því á árinu 2020 hefur verið fyrirhuguð kynnisferð erlendis fyrir atvinnuþróunarfélög á vegum Byggðastofnunar. Ekki hefur orðið af ferðinni vegna Covid en gert er ráð fyrir að hún fari fram á árinu 2022. Farið er í slíka ferð annað hvert ár með styrk frá stofnuninni. Gert er ráð fyrir að framkvæmdastjóri fari í ferðina.
Fulltrúar samtakanna taka jafnframt þátt í hinum ýmsu fundum á vegum sveitarfélaganna, annarra landshlutasamtaka og ríkisins.

Fylgdu okkur á samfélagsmiðlum og fáðu fréttir af starfinu

ssnordurlandvestra

samtok_nordurlandvestra

Mynd: Framleiðsla frá Stórhóli í Skagafirði

Verkefni SSNV

Verkefnum SSNV er skipt í þrjá meginhluta.

- Verkefni atvinnuþróunar.
- Verkefni Sóknaráætlunar og Uppbyggingarsjóðs.
- Önnur verkefni SSNV.

Verkefni atvinnuþróunar

SSNV tók yfir verkefni atvinnuráðgjafar á árinu 2005.

Sveitarfélögin hafa lagt 20 milljónir árlega til verkefnisins og Byggðastofnun leggur til um 23 milljónir. Í samningi SSNV og Byggðastofnunar, dags. 23. janúar 2018, kemur fram að SSNV skuli vinna að eftirtöldum verkefnum:

- Atvinnu- og byggðaþróun
- Atvinnuráðgjöf
- Nýsköpun
- Búsetuþáttum
- Upplýsingaöflun
- Endurmenntun og samstarfi

Mestum hluta þeirra fjármuna, sem þessi málaflokkur hefur til ráðstöfunar, er varið til ráðgjafar- og nýsköpunarverkefna.

Starfsmenn atvinnuþróunar veita alla almenna ráðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja í rekstri á starfssvæðinu, aðstoða við gerð rekstrar- og markaðsáætlana og markaðssetningu, við vinnu við stefnumótun, o.s.frv.

Einnig standa samtökin fyrir ýmiskonar fræðslu fyrir þá sem hyggjast hefja rekstur eða eru í rekstri.

Árlega skila samtökin inn starfsáætlun um störf atvinnuþróunar með mælanlegum markmiðum. Markmið atvinnuþróunar SSNV fyrir árið 2022 fylgja starfsáætlun þessari sem fylgiskjal.

Kannanir

Frá árinu 2018 hefur SSNV tekið þátt í könnun á umhverfi og þörfum fyrirtækja á landsbyggðinni sem unnin er af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) undir forystu Vífils Karlssonar. Könnunin er gerð árlega á haustmánuðum.

SSNV tekur einnig þátt í íbúakönnun sem framkvæmd er á nokkurra ára fresti, síðast á árinu 2020. Sú könnun er einnig framkvæmd af SSV undir forystu Vífils Karlssonar.



Mynd: Rafrænn Haustdagur ferðaþjónustunnar 2020.

Verkefni SSNV, framhald

NPA verkefni

SSNV er aðili að alþjóðlegu verkefni sem styrkt er af Norðurslóðaáætlun. Áætlunin stuðlar að samstarfsverkefnum sem miða að því að finna lausnir að sameiginlegum viðfangsefnum samstarfslandanna.

Þátttakendur í verkefninu auk Íslands eru frá Norður-Írlandi, Írlandi og Finnlandi. Verkefnið hófst 2018 og er áætlað að standi yfir í tæplega þrjú ár. Sökum COVID-19 hefur verkefnið verið framlengt til febrúar 2022. Verkefninu er ætlað að taka á þeim áskorunum sem fyrirtæki á jaðarsvæðum glíma jafnan við, svo sem einangrun, smæð markaðar,

Verkefnisstjóri, Sveinbjörg Rut Pétursdóttir atvinnuráðgjafi

Upplýsingatækni er nýtt til að yfirstíga þröskulda er varða einangrun, fjarlægð frá markaði og samskipti við markhópa. Afurðir samstarfsverkefnisins eru meðal annars verkfærakista með tólum til markaðssetningar sem aðgengileg er á vefsíðu verkefnisins og vefsíðan sjálf þar sem fyrirtækjum gefst tækifæri á að tengjast öðrum fyrirtækjum og stofnunum. Auk þess eru aðgengileg á vefsíðunni *Case studies* af þátttakendum í verkefninu og fræðsla sem tengist stafrænni markaðssetningu. Fyrirtækin sem tóku þátt í verkefninu hafa fengið aðstoð við að vinna stafrænt markaðsefni sem nýtt hefur verið í markaðssetningu hvers fyrirtækis. Vefsíðan er komin í loftið og er opin fyrir skráningar. Haldnar hafa verið vinnustofur til að vekja athygli á og kynna leiðir til stafrænnar markaðssetningar.

Markvisst verður unnið að því að auka þekkingu fyrirtækja á svæðinu í stafrænni tækni og stafrænni markaðssetningu og stefnt er á að halda því starfi áfram. Stafræn markaðssetning er þáttur í rekstri fyrirtækja sem krefst stöðugrar athygli og er oftast það sem viðskiptavinir nefna helst að þá skorti þekkingu á eða reynslu til að sinna.

Verkefni SSNV, framhald

Iðnaðaruppbygging á Norðurlandi vestra

Í mars 2020 var ráðinn nýr starfsmaður til samtakanna sem hefur það hlutverk að laða fjárfestingar inn í landshlutann. Um er að ræða starf sem stutt er af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu annars vegar og sveitarfélögunum á starfssvæðinu hins vegar.

Nú er unnið að því að draga saman hugmyndir að fjárfestingaverkefnum í landshlutanum, skilgreina verkefni og verkefnahópa og mynda tengsl innan lands og utan sem nýst geta í verkefninu. Einnig er unnið að því að koma upp heimasíðu með fjárfestaupplýsingum sem nýst geta áhugasömum fjárfestum.

Magnús Barðdal,
verkefnisstjóri
fjárfestinga

Ferðamál

Ráðgjafi SSNV á sviði ferðamála starfar með ferðaþjónustufyrirtækjum á starfssvæðinu og með Fagráði ferðaþjónustunnar á Norðurlandi vestra. Í fagráðinu eiga sæti formenn ferðamála-félaganna á Norðurlandi vestra og einn fulltrúi SSNV.

Áætlað er að ráðið hittist fjórum sinnum á árinu og haldi símafundi þess utan ef þörf krefur.

Ferðamáladagur að hausti (oftast haldinn í nóvember), er orðinn árlegur viðburður með kynningarerindum og umræðum um mál sem eru ofarlega á baugi í greininni, s.s. nýir markaðir og breytingar í rekstrarumhverfi.

Davíð Jóhannsson,
ráðgjafi með
áherslu
á ferðamál

Nýsköpun

Eitt helsta tækifæri Norðurlands vestra til fjölgunar starfa og aukinnar verðmætasköpunar liggur í nýsköpun. Til að stuðla að því að þau tækifæri verði nýtt var ráðinn ráðgjafi með áherslu á nýsköpun til samtakanna. Markmiðið með starfinu er að stuðla að því að í lands-hlutanum verði til umhverfi sem hvetur nýsköpun á sem flestum sviðum, styður við frumkvöðla, eykur tengsl þeirra innan svæðis og utan og miðlar þekkingu hvað nýsköpun varðar.

Á árinu verður staðið fyrir ýmsum viðburðum og námskeiðum sem hvetja eiga til aukinnar nýsköpunar í landshlutanum.

Kolfinna Kristínardóttir,
ráðgjafi með
áherslu
á nýsköpun

Verkefni SSNV, framhald

Útibúið - skrifstofusetur á Hvammstanga

Í júní 2021 var Útibúið formlega opnað í húsakynnum Landsbankans á Hvammstanga. Um er að ræða fullbúið skrifstofurými þar sem leigja má fyrsta flokk aðstöðu fyrir þá sem starfa „án staðsetningar". Opnun setursins var mikilvægt skref í því að búa landshlutann undir að taka á móti slíkum störfum. SSNV annast útleigu á rýmum í umboði Landsbankans.

Verkefnið er áhersluverkefni áranna 2020 og 2021. Vonir standa til að í framhaldinu verði hægt að opna sambærileg útibú í fleiri þéttbýliskjörnum á starfssvæði samtakanna.

Nánari upplýsingar um Útibúið má finna á www.utibuid.is

Áfangastaðastofa Norðurlands

Í upphafi árs 2021 undirrituðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og SSNV samning um áfangastaðastofu landshlutans. Í beinu framhaldi af þeim samningi var í apríl undirritaður sameiginlegur samningur SSNV og Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra við Markaðsstofu Norðurlands um rekstur áfangastaðastofu Norðurlands. Markaðsstofa Norðurlands hefur um langt skeið þjónað Norðurlandi öllu og þar sem verkefni nýrrar áfangastaðastofu byggja að miklu leyti á verkefnum Markaðstofunnar lá þessi samningur beint við.

Í samningum var kveðið á um að MN skyldi hafa einn starfsmann á starfssvæði SSNV. Frá þeirri ráðningu var gengið í byrjun september og hóf Auður Ingólfsdóttir störf í byrjun október með starfsstöð á skrifstofu SSNV á Sauðárkróki.

Endurskoðun Samgöngu- og innviða-áætlunar SSNV

Á ársþingi SSNV í apríl 2021 var kjörin samgöngu- og innviðanefnd með það hlutverk að endurskoða og uppfæra gildandi Samgöngu- og innviðaáætlun landshlutans sem samþykkt var árið 2019.

Þrátt fyrir að gildandi áætlun sé aðeins um 2ja ára gömul er full ástæða til að endurnýja hana. Einkum og sér í lagi vegna þess að það verkefni sem sveitarfélögin sammæltust um að setja í forgang, Skagastrandarvegur, hefur nú verið boðið út. Einnig hefur verið ráðist í smærri verkefni í landshlutanum, svo sem á raforkukerfinu. Engu að síður er af nægu að taka.

Nefndin er skipuð einum fulltrúa úr hverju sveitarfélagi á starfssvæði samtakanna. Skv. erindisbréfi nefndarinnar skal hún leggja uppfærða áætlun fyrir ársþing í apríl 2022.

Formaður nefndarinnar er Regína Valdimarsdóttir, sveitarfélaginu Skagafirði.

Verkefni SSNV, framhald

Fólkið á Norðurlandi vestra

Árið 2019 var hafist handa við framleiðslu á hlaðvarpsþáttunum Fólkið á Norðurlandi vestra. Samtals hafa verið birtir um 40 þættir sem aðgengilegir eru á heimasíðu SSNV og á helstu hlaðvarpsveitum.

Markmiðið með gerð þáttanna er að vekja athygli á íbúum landshlutans og þeim verkefnum sem þeir taka sér fyrir hendur. Með því má bæði vekja áhuga fólks utan svæðis en ekki síst auka stolt íbúa svæðisins á því sem fram fer í landshlutanum.

Lagt er upp með að í það minnsta mánaðarlega sé birtur nýr þáttur. Ábendingar um áhugaverða viðmælendur eru vel þegnar á netfangið ssnv@ssnv.is

Alþjóðleg samstarfsverkefni

Undanfarið hefur verið unnið markvisst að því að fjölga erlendum samstarfsverkefnum í takt við markmið Sóknaráætlunar landshlutans. Þar er kveðið á um að slík verkefni verði a.m.k. 10 á gildistíma áætlunarinnar. Fjallað hefur verið um verkefnið Digi2Market sem staðið hefur yfir frá árinu 2018. Því lýkur á árinu 2022 og er nú unnið að framhaldsumsókn í samvinnu við sömu samstarfsaðila sem eru frá Írlandi og Finnlandi.

SSNV mun jafnframt verða samstarfsaðili í verkefninu TOURBIT í samvinnu við katalónska, belgíska, franska, slóvenska, protúgalska og finnska aðila. Verkefnið miðar að því að aðstoða ferðaþjónustuaðila á starfssvæðinu við að byggja upp stafræna innviði.

Einnig er SSNV aðili að umsóknum vegna tveggja annarra alþjóðlegra verkefna. Báðar umsóknirnar eru undirbúningsverkefni í Northern Periphery and Arctic programme sjóðinn (NPA). Önnur hefur yfirskriftina *Sustainable Arctic and Peripheral Biking Tourism* en hin *Sustainable Green Energy Solutions for Tourism Growth*. Gert er ráð fyrir að svör við þeim umsóknum berist fyrir lok árs 2021.

Innlend samstarfsverkefni

Undanfarin misseri hefur samstarf landshluta-samtaka og annarra aðila aukist verulega. Á síðustu misserum hefur SSNV tekið þátt í viðskiptahraðlinum Hugsum hærra með Vestfjarðastofu og Hacking Norðurland í sam-starfi við Eim, Nordic Food in Tourism, SSNE og NÍN sem og aðild að Nýsköpunarvikunni í samstarfi við SSNE svo dæmi séu tekin. Einnig leiddi SSNV Hæfnihringi fyrir konur á landsbyggðinni og gert ráð fyrir að þeir verði endurteknir árið 2022.

Nú stendur yfir viðskiptahraðallinn Vaxtarrými sem er fyrsta verkefni nýstofnaðra regnhlífa-samtaka nýsköpunar á Norðurlandi en að þeim koma SSNV, SSNE, Eimur, Nýsköpun í norðri, Hraðið og RATA. Heiti samtakanna er Norðanátt. Stuðningsaðili Vaxtarrýmis er Fallorka. Norðanátt byggir á hringrás árlegra viðburða þar sem frumkvöðlar fá tækifæri til að þróa hugmyndir sínar, vaxa og ná lengra.

SSNV er jafnframt aðili að Matsjá í samstarfi við Samtök smáframleiðenda matvæla. Verkefnið snýst um að veita smáframleiðendum um land allt stuðning í sínum störfum

Verkefni Sóknaráætlunar

Sóknaráætlun Norðurlands vestra gildir fyrir árin 2020-2024. Markmið Sóknaráætlunar eru að:

- Ráðstöfun þeirra fjármuna sem varið er til verkefna í einstökum landshlutum á sviði samfélags- og byggðamála byggi á svæðisbundnum áherslum og markmiðum sem fram koma í sóknaráætlun landshlutans.
- Treysta stoðir menningar.
- Auka samkeppnishæfni landshlutans og landsins alls.
- Einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu opinberra fjármuna.

Framlög til Sóknaráætlunar Norðurlands vestra 2021

Í fjárhagsáætlun SSNV fyrir árið 2022 er gert ráð fyrir 103,1 millj. kr. tekjum vegna samningsins, 95,7 millj. frá ríkinu, og 7,4 millj. kr. frá sveitarfélögunum á starfssvæði samtakanna.

Skipting framlaga til Sóknaráætlunar

- 70 milljónum verður varið til að styrkja menningar-, atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni,
- 23,1 milljón í áhersluverkefni og
- 10 milljónum í rekstur Sóknaráætlunar.

Auk þess verður 15 milljónum af eigin fé samtakanna varið til áhersluverkefna. Samtals verður því 38 milljónum varið til áhersluverkefna á árinu 2022.

Verkefnum Sóknaráætlunar er skipt í fernt:

- Gerð Sóknaráætlunar landshlutans.
- Úthlutun styrkja úr Uppbyggingarsjóði.
- Val á sérstökum áhersluverkefnum og framkvæmd þeirra,
- Umsjón með sérstökum viðaukasamningum við sóknaráætlun, einkum í tengslum við verkefni Byggðaáætlunar.

SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS VESTRA

Ástrós Elísdóttir
Verkefnisstjóri
Sóknaráætlunar

Verkefni Sóknaráætlunar, framhald

Samráðsvettvangur

Samkvæmt samningi um sóknaráætlun skipa landshlutasamtökin samráðsvettvang með sem breiðastri aðkomu sveitarstjórna, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélags og annarra haghafa. Gæta skal lýðræðis-, búsetu-, aldurs- og kynjasjónarmiða.

Samráðsvettvangurinn skal hafa beina aðkomu að gerð sóknaráætlunar og vera upplýstur um framgang hennar að minnsta kosti árlega.

Með nýjum samningi um sóknaráætlanir fyrir árin 2020-2024 verður samráðsvettvangurinn rafrænn. Í vinnuferli við gerð nýrrar sóknaráætlunar á árinu 2019 gátu áhugasamir skráð sig á vettvanginn auk þess sem þátttakendur á fundum tengdum vinnunni voru skráðir á samráðsvettvanginn. Hann skipa nú um 100 manns.

Skv. nýjum samningi um sóknaráætlun skulu samtökin setja sér samskiptaáætlun sem endurskoðuð er árlega. Þar skal m.a. koma fram hvernig kynna á sóknaráætlunina fyrir helstu markhópum, fyrirhugaðir fundir og ráðstefnur, áætlun um greinaskrif, auglýsingar og virkni á samfélagsmiðlum. Samskiptaáætlunin er lögð fram sem fylgiskjal við starfsáætlun ársins 2022.

Upplýsingagjöf

Samkvæmt samningi skal SSNV skila árlega greinargerð um framkvæmd samningsins til stýrihóps Stjórnarráðsins. Á árinu 2022 skal því skila greinargerð fyrir árið 2021 og skal það vera fyrir 1. febrúar 2022.

Einnig skulu samtökin skila greinargerð árlega til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna sérstakra framlaga sjóðsins til framkvæmdar sóknar-áætlunar.

SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS VESTRA

Mynd: Frá opnun Útibússins, skrifstofuseturs á Hvammstanga

Uppbyggingarsjóður

Sjóðurinn hefur það hlutverk að styrkja verkefni sem falla að sóknaráætlun landshlutans. Sjóðurinn skiptist í tvo hluta, menningarmál og atvinnuþróun og nýsköpun.

Menningarhlutinn skiptist í stofn- og rekstrarstyrki annarsvegar og verkefnastyrki hinsvegar. Í fjárhagsáætlun SSNV fyrir árið 2022 er gert ráð fyrir að úthluta 36 milljónum í menningarhluta Uppbyggingarsjóðs og að 34 milljónum verði varið til atvinnuþróunar og nýsköpunar.
Umsóknarferlið hófst 6. október 2021 með umsóknarfresti til 12. nóvember og verður úthlutun lokið fyrir árslok 2021. Gert er ráð fyrir að úthlutunarhátíð fari fram í byrjun janúar 2022.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á verkefnum Uppbyggingarsjóðs.

Starfsmenn Uppbyggingarsjóðs eru Ástrós Elísdóttir, verkefnisstjóri Sóknaráætlunar og Sveinbjörg Rut Pétursdóttir atvinnuráðgjafi (að hluta).

Framúrskarandi verkefni

Árlega eru veittar viðurkenningar fyrir framúrskarandi verkefni sem farið hafa fram á Norðurlandi vestra árið áður. Veittar eru viðurkenningar í tveimur flokkum, annars vegar á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar og hins vegar á sviði menningar. Viðurkenningu á árinu 2020 hlutu Handbendi, brúðuleikhús á Hvammstanga og Sölubíll Vörusmiðju BioPol á Skagaströnd.
Kallað verður eftir tilnefningum íbúa í landshlutanum í lok árs og viðurkenningin veitt á úthlutunarhátíð Uppbyggingarsjóðs sem haldin verður í upphafi árs 2022.

Næsta úthlutun Uppbyggingarsjóðs

- **Umsóknarfrestur til 12. nóvember 2021.**
- **Umsóknum skal skilað á rafrænni umsóknargátt af vefsíðu SSNV.**
- **Á vef SSNV er að finna myndband með leiðbeiningum um umsóknargáttina.**
- **Starfsmenn verða með viðtalstíma og vinnustofur um gerð umsókna vikurnar áður en umsóknarfrestur rennur út. Nánari upplýsingar á vef SSNV.**

Mynd: Greta Clough veitir viðtöku viðurkenningu fyrir framúrskarandi verkefni á sviði menningar árið 2020

Uppbyggingarsjóður, framhald

Úthlutunarnefnd

Úthlutunarnefnd ber ábyrgð á úthlutunum úr sjóðnum og leggur fram niðurstöður sínar að fengnum tillögum fagráðs menningar og fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar. Úthlutunarnefnd var skipuð til tveggja ára á sameinuðu haust- og ársþingi SSNV, í október 2020.

Úthlutunarnefnd skipa:

- Lárus Ægir Guðmundsson, Sveitarfélaginu Skagaströnd, formaður
- Jóhanna Ey Harðardóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði, formaður Fagráðs atvinnuþróunar- og nýsköpunar
- Ragnhildur Haraldsdóttir, Húnavatnshreppi, formaður Fagráðs menningar.

Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar

Fagráðið var skipað til tveggja ára á sameinuðu ars- og haustþingi í október 2020. Starfsmaður fagráðs atvinnu- og nýsköpunar er Sveinbjörg Rut Pétursdóttir.

Fagráð menningar

Fagráðið var skipað til tveggja ára á sameinuðu ars- og haustþingi í október 2020. Starfsmaður fagráðs menningar er Ástrós Elísdóttir.

Könnun meðal styrkþega/umsækjenda

Að liðnum umsóknarfresti Uppbyggingarsjóðs verður gerð könnun meðal umsækjenda um umsóknarferlið; hvað gengur vel og hvað má bæta. Könnunin er gerð til að fá vísbendingar um eftirfylgni og þjónustu starfsmanna við styrkþega.

Mynd: Frá sýningu Shoplifter í Hrútey sumarið 2021.

Áhersluverkefni

Áhersluverkefni eru verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans og styðja við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.
Verkefnin skulu hafa skýr markmið og árangurs-mælikvarða.
Í lok árs 2019 var auglýst eftir hugmyndum að áhersluverkefnum. Unnið var úr hugmyndunum og í framhaldi skilgreind 10 verkefni til áranna 2020-2021.
Heildarframlög til þeirra verkefna sem skilgreind hafa verið eru kr. 82.200.000.-
Jafnframt eru í vinnslu sérstök átaksverkefni sem skilgreind voru til að sporna við áhrifum Covid 19 í landshlutanum. Heildarframlög til þeirra verkefna eru 47.500.000 og mun þeim ljúka á árinu 2021.

Mælaborð Sóknaráætlunar

Á heimasíðu SSNV er stöðu verkefna Sóknaráætlunar miðlað með myndrænum hætti. Hægt er að sjá heildarfjármagn sem úthlutað hefur verið, hvað hefur verið greitt út af styrkjum ásamt stöðu áhersluverkefna.

Áhersluverkefni 2020-2021

- Auknar fjárfestingar á Norðurlandi vestra.
- Matvælasvæðið Norðurland vestra.
- Nýting glatvarma.
- Aukin nýsköpun í kennslu - FabLab.
- Textíll á Húnavöllum.
- Smávirkjanir á Norðurlandi vestra.
- Barnamenningarhátíð.
- Starfamessa.
- Skrifstofusetur.
- Stafræn borg.

Myndir: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ráðherra flytur ávarp við opnun Textíl Labs á Blönduósi og Mælaborðs Sóknaráætlunar Norðurlands vestra.

Í fréttum er þetta helst

Mánaðarlega er nú birt fréttayfirlit á heimasíðu SSNV yfir það sem hæst bar í starfi samtakanna mánuðinn á undan. Er yfirlitið ígildi fréttabréfs enda er öllum fréttum af starfi samtakanna miðlað jafnóðum og því ekki þörf á sérstöku fréttabréfi. Í fréttum er þetta helst eru megin verkefnin tekin saman til glöggvunar fyrir áhugasama sem geta þá nýtt sér hlekki til að fá nánari upplýsingar. Er þetta liður í aukinni upplýsingamiðlun um verkefni samtakanna til íbúa og kjörinna fulltrúa á starfssvæðinu.

Myndir: sýnishorn af *Í fréttum er þetta helst* í ágúst og september 2021.

Starfsmenn SSNV